



KYNHEGÐUN BARNA





KYNHEGÐUN BARNA

Þegar börn sýna kynhegðun getur verið erfitt að meta hvort sú hegðun er aldurssamsvarandi eða óæskileg. Þessi bæklingur inniheldur leiðbeiningar um það hvernig greina má á milli eðlilegrar og óæskilegrar kynhegðunar barna.

Í bæklingnum eru atriði sem vert er að hafa í huga þegar kemur að því að meta kynhegðun barna frá leikskólaaldri og að 12 ára aldri. Í þessum bæklingi er kynhegðun skipt upp eftir aldursflokkum sem eru leiðbeinandi fyrir hvað telst eðlilegt og heilbrigt, þykir umhugsunarefni eða er þess eðlis að leita skyldi sérfræðiaðstoðar. Þá eru upplýsingar um hvert skal leita eftir aðstoð ef þess gerist þörf.

Bæklingurinn inniheldur almennar upplýsingar og leiðbeiningar en hafa ber í huga að meta þarf hvert tilfelli fyrir sig með tilliti til hinna ýmsu áhrifaþátta í lífi hvers barns.

ALDURSSAMSVARANDI KYNHEGÐUN BARNA

Kynhegðun er eðlilegur þáttur í þroskaskeiði barna. Búast má við því að flest börn sýni einhverskonar kynhegðun fyrir 12 ára aldur. Eðlilegt er að börn séu forvitin um líkama sinn og annarra. Börn gætu leikið sér í hlutverkaleik og viljað skoða líkama sinn og annarra, þar með talda einkastaðina. Eðlilegt er að þessir leikir séu á milli barna á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði. Þessi hegðun á sér ekki endilega stað ítrekað heldur kemur fram af og til. Börn gætu skammast sín ef þau fá skilaboð í viðbrögðum fullorðinna að hegðunin sé óeðlileg.

Þegar börn fara að nálgast kynþroskaskeiðið er eðlilegt að hegðun þeirra breytist. Varðandi kynhegðun er eðlilegt að barn fari með auknum þroska að stunda sjálfsfróun í næði, ræði kynlíf við vini sína og finnist það umræðuefni spennandi, skemmtilegt og jafnvel fyndið. Einnig fara þau jafnvel að sýna hvert öðru kynferðislegan áhuga.



HÉR FYRIR NEÐAN ERU VIÐMIÐ UM KYNHEGÐUN BARNNA ÚT FRÁ ALDRI

ALDURSAMSVARANDI KYNHEGÐUN

Kynhegðun sem telst eðlileg miðað við aldur og þroska barns, með sjálfu sér eða öðru barni á svipuðum stað í aldri og þroska.

UMHUGSUNARVERT

Kynhegðun barna sem gæti valdið áhyggjum. Ef nokkur atriði eiga við um hegðun barns og það lætur jafnvel ekki af hegðuninni þrátt fyrir inngrip og fræðslu gæti verið ástæða til að kanna málið nánar.

LEITA SKAL FAGLEGS ÁLITS

Kynhegðun barna sem gæti bent til þess að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða orðið vitni að slíku. Aðrar skýringar gætu þó verið á hegðun barnsins, eins og taugabroskaraskanir, hvatvísi, netnotkun eða erfiðar aðstæður/breytingar á heimili eða í nærumhverfi þess. Engu að síður er mælt með að leita faglegs álits.



KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNNA 2-5 ÁRA

ALDURSSAMSVARANDI UMHUGSUNARVERT

LEITA SKAL FAGLEGS ÁLITS

Fer í læknisleik og aðra hlutverkaleiki, skoðar líkama sinn og annarra, þar með talda einkastaðina

Vill ekki vera í fötum

Snertir, nuddar eigin kynfæri

Finnst gaman að segja og heyra dónalega brandara og gefa frá sér hljóð sem virðast vera kynferðisleg

Sýnir áhuga á kynfærum, rassi eða brjóstum fullorðinna fjölskyldumeðlima, til dæmis í baði

Sýnir, snertir/nuddar eigin kynfæri þrátt fyrir að hafa verið beðið um að láta af þeirri hegðun

Nuddar kynfærum sínum á húsgögn og aðra hluti þrátt fyrir að vera beðið um að láta af þeirri hegðun

Virðist hafa vitneskju um kynferðislegar athafnir sem eru ekki aldurssamvarandi sem getur komið fram í tali, hljóðum/stunum, leikjum eða teikningum

Er upptekið af því að snerta kynfæri, rass eða brjóst annarra eða láta snerta sig

Er upptekið af því að kíkja á einkastaði annarra og jafnvel elta fólk inn á baðherbergi

Setur hluti í eigin kynfæri/endaþarm eða á öðrum börnum

Sýnir, snertir/nuddar kynfæri sín ítrekað, þrátt fyrir að hafa verið beðið um að láta af þeirri hegðun.

Nuddar kynfærum sínum á húsgögn eða aðra hluti á þann hátt að það valdi skaða

Nuddast utan í aðra án fata og neyðir önnur börn til snerta sig á kynferðislegan hátt

Neyðir önnur börn til að leika grófa kynferðislega leiki án fata og taka þátt í kynferðislegum athöfnum

Hefur þekkingu á grófum kynferðislegum hlutum/athöfnum sem ekki eru aldurssamsvarandi

Þvingun eða valdbeiting við það að setja hluti í kynfæri/endaþarm annars barns

Setur ítrekað hluti í eigin kynfæri/endaþarm eða á öðrum börnum

Þvinguð eða óþvinguð munnmök, undir eða yfir fót

KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNNA

6-9 ÁRA

ALDURSSAMSVARANDI

Meðvituð um að kynfæri eru einkastaðir

Fer í læknisleiki og aðra hlutverkaleiki, skoðar líkama sinn og annarra, þar með talda einkastaðina

Snertir, nuddar eigin kynfæri, stundar sjálfsfróun

Talar um kynlíf við vini sína, talar um að eiga kærustu /kærasta/kærast

Finnst gaman að segja og heyra dónalega brandara og gefa frá sér kynferðisleg hljóð, segja sögur, nefna kynfæri, nota sem blótsyrði

Vill kyssa aðra, haldast í hendur, hermir eftir hegðun annarra (t.d. klípa í rass)

Bera kynfæri sín saman við kynfæri jafnaldra félaga

Áhugi fyrir að snerta kynfæri, rass eða brjóst á jafnöldrum og láta þá snerta sig

UMHUGSUNARVERT

Sýnir, snertir/nuddar eigin kynfæri á almannafæri þrátt fyrir að hafa verið beðið um að láta af þeirri hegðun

Vilja vera ítrekað án fata og /eða sýna einkastaði sína á almannafæri

Nuddar kynfærum sínum á húsgögn og aðra hluti þrátt fyrir að vera beðið um að láta af þeirri hegðun

Virðist hafa vitneskju um kynferðislegar athafnir sem eru ekki aldurssamsvarandi sem getur komið fram í tali, hljóðum/stunum, leikjum, teikningum eða á samfélagsmiðlum

Er upptekið af því að snerta kynfæri, rass eða brjóst annarra eða að láta snerta sig

Setur hluti í eigin kynfæri/endaparm eða á öðrum börnum

Vilja leika „kynlífsleiki“ við mun yngri eða mun eldri börn

Taka nektarmyndir af sjálfu sér og/eða senda eða fá sendar nektarmyndir

LEITA SKAL FAGLEGS ÁLITS

Sýnir, snertir/nuddar eigin kynfæri ítrekað á almannafæri, þrátt fyrir að hafa verið beðið um að láta af þeirri hegðun

Hefur þekkingu á kynferðislegum hlutum /athöfnum sem ekki eru aldurssamsvarandi

Nuddast utan í öðrum án fata og neyðir önnur börn til snerta sig á kynferðislegan hátt

Neyðir önnur börn til grófra kynferðislegra athafna

Veldur skaða á eigin kynfærum/endaparmi eða annarra

Hefur aðgang að og sýnir öðrum klám

Leitar eftir og sækir í klámfengið efni

Tekur kynferðislegar myndir eða myndbönd

KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNNA 10-12 ÁRA

ALDURSSAMSVARANDI UMHUGSUNARVERT

LEITA SKAL FAGLEGS ÁLITS

Hefur aukna þörf fyrir
einkalíf/næði

Stundar sjálfsfróun í næði

Fer í leiki sem fela í sér að
skoða líkama sinn og annarra,
þar með talda einkastaðina

Vill kyssa aðra, haldast í
hendur og hermir eftir hegðun
annarra (t.d. klípa í rass)

Talar um kynlíf við vini sína,
hvernig börn verða
til og um að eiga kærustu
/kærasta/kærest

Finnst gaman að segja
og heyra dónalega brandara
og gefur frá
sér kynferðisleg hljóð, nefnir
kynfæri og notar kynferðisleg
blótsyrði

Sýnþörf á einkastöðum

Reynir að sjá kynfæri
annarra (t.d. með því
að girða niður um aðra)

Er ofur upptekið af því
að stunda sjálfsfróun

Stundar sjálfsfróun með
jafningja eða í hópi

Virðist hafa vitneskju um
kynferðislegar athafnir sem
eru ekki aldurssamvarandi
sem getur komið fram í tali,
hljóðum/stunum, leikjum,
teikningum eða
á samfélagsmiðlum

Talar um ótta við þungun eða
kynsjúkdóma

Hefur sérstaka gægjuþörf/
sýnþörf

Leitar eftir og sækir í
klámfengið efni

Tekur kynferðislegar myndir/
myndbönd af sjálfu sér

Árátta og þráhyggja varðandi
að stunda sjálfsfróun

Hefur mikla gægjuþörf/
sýnþörf

Sýnir mikinn áhuga á klám-
fengnu efni

Þvingar aðra til að horfa á
klámfengið efni

Snertir/nuddar kynfæri
annarra án leyfis

Þvingar aðra til að sýna
kynfæri sín

Munnlegar eða skriflegar
kynferðislegar hótanir

Hefur þekkingu á grófum
kynferðislegum hlutum sem
ekki eru aldurssamvarandi

Neyðir önnur börn til grófra
kynferðislegra athafna

Veldur skaða á eigin kyn-
færum
/endaþarmi eða annarra

Tekur kynferðislegar myndir
/myndbönd og/eða dreifir
þeim

Notar kynferðislegar myndir
til að hóta öðrum á sam-
félagsmiðlum eða með
öðrum hætti

**EF GRUNUR LEIKUR Á AÐ BARN
HAFI ORÐIÐ FYRIR OFBELDI**

HAFÐU SAMBAND VIÐ BARNAVERNDARÞJÓNUSTU
Í SVEITARFÉLAGI BARNSINS EÐA HRINGDU Í 112

HÆGT ER AÐ FÁ RÁÐGJÖF SÉRFRÆÐINGA
BARNAHÚSS Í SÍMA

530-2500

NETFANG: BARNAHUS@BARNAHUS.IS

[HTTPS://ISLAND.IS/S/BOFS/BARNAHUS](https://island.is/s/bofs/barnahus)



<https://island.is/s/bofs/barnahus>

